

Aðgengis- og samráðsnefnd fatlaðs fólks

Umsögn aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks í Reykjavík um sameiginlega akstursþjónustu fatlaðs fólks

Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks í Reykjavík fagnar þeim jákvæðu breytingum sem þjónustulýsingin felur í sér. Nefndin fagnar því sérstaklega að sérstök stjórn verði sett yfir akstursþjónustuna og að ákvæði verði felld á brott sem fela í sér takmarkanir á rétti til þjónustu, t.d. hjá fólki sem fær bílastyrk hjá TR. Einnig er það jákvætt að ferðafjöldi skuli ekki vera takmarkaður og að aksturstími á stórhátíðardögum verði lengdur til kl. 22.

Aðgengis- og samráðsnefnd telur það vera jákvætt skref að huga að myndavélavöktun í sérútbúna bíla til þess að auka öryggi farþega. Nefndin telur þó mikilvægt að farið sé varlega í slíka vöktun. Það verði t.d. að vera háð ströngum skilyrðum hverjir hafi aðgang að slíkum upptökum og að farþegar verði að vera upplýstir um slíka vöktun. Aðgengis- og samráðsnefnd telur það einnig mjög jákvætt skref að stefnt skuli að því að smáforrit muni nýtast notendum þjónustunnar m.a. til að panta og afpanta ferðir sem og til að sjá staðsetningu bíla í rauntíma.

Aðgengis- og samráðsnefnd gerir athugasemdir við að almennur aksturstími skuli verða stytur til 24:00 í stað 01:00 áður. Þrátt fyrir að ferðir sem farnar eru eftir miðnætti séu ekki margar, er mikilvægt að tryggja rétt fatlaðs fólks til að fara ferða sinna til jafns við aðra og gæti breytingin t.d. haft áhrif á þá sem hyggjast fara í kvikmyndahús eða á skemmtistaði seint um kvöld, en fáar leigubílastöðvar bjóða upp á aðgengilega bíla að nóttu til. Gott væri að huga að því hvort hægt væri að tryggja það með einhverjum hætti að bílar sem aðgengilegir eru hjólastólanotendum væru til taks eftir miðnætti hjá leigubílastöðvum ef akstursþjónustan tryggir ekki akstur á þeim tíma. Þá væri einnig gott að huga að því hvort hægt væri að tryggja ferðir eftir miðnætti séu þær pantaðar með góðum fyrirvara. Loks er lagður til sá möguleiki að skoða hvort ekki væri hægt að sækja notendur eftir miðnætti ef ferð hefur hafist fyrr um kvöldið.

Nefndin telur einnig að það ætti að bjóða upp á þann möguleika að panta ferðir með minna en 2 tíma fyrirvara enda er notendum gert ljóst að akstursþjónustan geti ekki tryggt að komið sé til móts við slíkar óskir.

Aðgengis- og samráðsnefnd hefur ákveðinn skilning á því að greitt sé hærra verð fyrir tilfallandi ferðir sem pantaðar eru samdægurs, enda markmiðið að tryggja skilvirkni og hagkvæmni þjónustunnar. Gæta verður að því að sá verðmunur sé í samræmi við sannarlegan kostnaðarmun og verði ekki verulega íþyngjandi fyrir notendur þannig að þeir veigri sér við því að nota þjónustuna þegar mikið liggur við.

Nefndin leggur jafnframt til að fólk sem hefur tímabundna þörf fyrir akstursþjónustu, t.d. vegna slysa eða endurhæfingar, eigi þess kost að sækja um þjónustu. Slíkar umsóknir séu metnar sérstaklega og kallað eftir læknisfræðilegu mati til rökstuðnings þeim. Þá mætti setja sérstakar reglur um slíka tímabundna þjónustu. Nefndin telur ekki að slík þjónustuaukning yrði verulega íþyngjandi en gæti sannarlega skipt sköpum fyrir ákveðinn hóp fólks.

Með kveðju

Þorkell Heiðarsson